



Starfsáætlun 2023-2024

Heilsuleikskólinn

Garðasel



Heilsuleikskóli

Hreyfing-virðing-næring-skapandi starf



Starfsáætlun 2023-2024

Heilsuleiksskólinn Garðasel

Hólmgarður 4

Reykjanesbær, september 2023

Inngangur

Starfsáætlun er ætluð foreldrum og fræðsluyfirvöldum til kynningar á skólastarfi fyrir komandi ár og er einnig vegvísir fyrir starfsmenn leikskólans. Upplýsingar um starfið er hægt að nálgast á heimasíðu leikskólans: leikskolinngardasel.is og í skólanámskrá leikskólans.

Í þessari starfsáætlun verða tíunduð helstu verkefni Heilsuleikskólans Garðasels starfsárið 2023-2024. Starfsáætlun byggir á endurmati frá síðasta skólaári. Endurmat á starfi skólans er tekið fyrir á deildarstjórafundum, starfsmannafundum og á skipulagsdögum. Starfið í heild sinni er endurskoðað í lok starfsárs og jafnframt er kannað hvort áætlanir hafi verið raunhæfar og árangursríkar. Sem fyrr eru verkefni mörg og fjölbreytt og taka þau sérstaklega mið af nýrri menntastefnu Reykjanesbæjar, Með opnum hug og gleði í hjarta. Skólanámskrá Garðasels er í endurskoðun með áherslum nýrrar menntastefnu að leiðarljósi. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna auk Heimsmarkmiða fléttast sömuleiðis inn í nýja námskrá.

Leikskólinn Garðasel er heilsuleikskóli og vinnur eftir heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur, einnig tekur Garðasel þátt í verkefninu Heilsueflandi leikskóli sem er verkefni á vegum Embættis landlæknis.



Efnisyfirlit

1. Starfsáætlun 2023-2024	6
1.1 Hlutverk	6
1.2 Þjónustustig	6
1.3 Markmið og framtíðarsýn	6
1.4 Gæðamarkmið	10
1.5 Helstu verkefni á árinu	10
1.6 Skipulagsdagar	12
1.7 Foreldrasamstarf	12
1.8 Endurmenntun	14
Lokaorð	15
Samþykki frá foreldraráði	16
Heimildir	17
Viðaukar	18
Skóladagatal	18
Tölulegar upplýsingar	18

1. Starfsáætlun 2023-2024

1.1 Hlutverk

Fram kemur í lögum um leikskóla frá árinu 2008 að leikskólinn er fyrsta skólastigið og starfar samkvæmt því. Í fyrstu grein laganna segir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og sé fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskólinn annast uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög þessi að ósk foreldra. Jafnframt segir í lögum að í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (Lög um leikskóla, 2008).

1.2 Þjónustustig

Garðasel er leikskóli fyrir börn á aldrinum 2 til 6 ára.

1.3 Markmið og framtíðarsýn

Helstu áherslur í starfi Garðasels á skólaárinu 2023-24 eru:

Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur

Garðasel er heilsuleikskóli og hefur unnið eftir heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur frá árinu 2012 og er því með 10 ára reynslu sem heilsuleikskóli. Alls eru yfir tuttugu heilsuleikskólar á landinu. Markmið heilsuleikskóla er að stuðla að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Markmið heilsustefnunnar er að venja börn strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Áhersluþættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð næring, góð hreyfing og listsköpun skal ávallt vera aðalsmerki þeirra. Einkunnarorð heilsuleikskólans Garðasels eru: hreyfing – næring – skapandi starf – virðing.

Einn af meginþáttum heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur er skráning í Heilsubók barnsins sem útbúin er fyrir hvert barn leikskólans, með samþykki forráðamanna. Heilsubók barnsins er

gæðamatskvarði heilsuleikskóla og skráningartæki skólans þar sem fylgst er með alhliða þroska barnsins og er hún hluti af innra mati skólans. Í bókina eru skráðar ýmsar upplýsingar um barnið tvisvar á ári, t.d. hæð og þyngd, heilsufar, næringu og svefn, leik, félagslega færni, gróf- og fínhreyfingar og þróun myndsköpunar. Skráningin veitir kennurum haldbæran grunn í foreldrasamtölum og gefur að auki hlutlausa sýn á þroskasögu barnsins (Heilsustefnan, e.d.). Síðustu ár hefur verið unnið að innleiðingu rafrænnar heilsubókar í heilsuleikskólum landsins og í Garðaseli hafa allar deildar nema ein tileinkað sér rafrænt form bókarinnar. Á næsta skólári munu allir árgangar skólans skrá í rafræna heilsubók. Með þessu minnkar pappírsmotkun og upplýsingar um barnið varðveitast á öruggum rafrænum grunni þar sem forráðamenn nálgast upplýsingar í gegnum rafræn skilríki.

Það læra börnin sem þau búa við

Þróunarverkefni skólans, *Það læra börnin sem þau búa við*, er rauður þráður í öllu starfi skólans. Verkefnið snýst um heildstæða kennsluáætlun í hópastarfi fyrir hvern og einn árgang fyrir sig. Þar af leiðir að allur skólinn vinnur að sameiginlegri sýn, kennarar eru öruggir í starfi og allar deildir ræða sín á milli um markmiðin og leiðir í starfinu. Þessi þróun heldur áfram og er endurskoðuð árlega. Á árinu 2022 hlaut Garðasel styrk frá Nýsköpunar- og þróunarsjóði fræðsluviðs Reykjanesbæjar til að endurvinnna vikuáætlanirnar enn frekar þar sem meðal annars er unnið með orðaforðalista menntamálastofnunar. Orðaforðalistinn er verkfæri fyrir leikskólakennara og foreldra til að efla orðaforða barna. Hann inniheldur hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu.

Sjónrænt skipulag

Áhersla skólaársins 2023-2024 er að auka enn frekar sjónrænt skipulag á öllum deildum skólans og hafa fræðslu fyrir allt starfsfólk. Sjónrænt skipulag bætir meðal annars aðgengi barna að námslegum leiðbeiningum, eykur sjálfstæði þeirra og styður við boðskipti og samtal þeirra í leikskólaumhverfinu.

Starfsfólk fær grunnfræðslu um helstu áherslur í sjónrænu skipulagi auk þess sem starfmaður af flestum deildum skólans hefur sótt námskeið á vegum ráðgjafar- og greiningarstöðvar ríkisins um sjónrænt skipulag.

Samstarf við Marriott h6tel

Elstu nemendur leiksk6lans h6fu samstarf vi6 Courtyard by Marriott Reykjav6k Keflav6k Airport h6teli6 i apr6l 2022. Samstarfi6 gengur ut a gr66ursetningu trj6a i n6grenni h6telsins a haustin, til n6stu 6ra. Elstu nemendur sk6lans fara i gr66ursetningarfer6 i n6grenni Courtyard by Marriott h6telinu a hverju hausti og gr66ursetja fj6lmargar pl6ntur 6samt starfsf6lki h6telsins. Er 6a6 von starfsf6lks og nemenda i Gar6aseli a6 i framt66inni vaxi 6arna upp g66ur trj6alundur sem gaman ver6ur a6 heimsækja og skapa m6rg 6vint6rin i leik og starfi.

Menntastefna Reykjanesb6jar - me6 opnum hug og gle6i i hjarta

Menntastefna Reykjanesb6jar 2021-2030, *Me6 opnum hug og gle6i i hjarta* er 6tla6 a6 veita lei6s6gn og innbl6stur 6llum 6eim sem koma a6 starfi me6 b6rnum og ungmennum i sveitarf6laginu. Stefnan byggir a 6remur lei6arlj6sum sem eiga a6 einkenna allt starf me6 b6rnum og ungmennum i sveitarf6laginu. 6au var6a lei6ina a6 fars6ld barna 6ar sem allir sem koma a6 menntun og uppeldi eru mikilv6gir 66ttakendur (Menntastefna Reykjanesb6jar, 2021).



Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnvænt samfélag er verkefni hjá Reykjanesbæ sem felst meðal annars í því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þetta verkefni tengist inn í allt skólastarf Reykjanesbæjar og er mikilvægur áfangi í að gera bæinn að skilgreindu barnvænu samfélagi samkvæmt viðmiðum UNICEF (Reykjanesbær, 2020).

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Í krafti fjölbreytileikans er heildarstefna Reykjanesbæjar sem tengir saman 12 Heimsmarkmið við áherslu stefnunnar. Stefnunni og Heimsmarkmiðunum er ætlað að leiða okkur í átt að framtíðarsýninni og hafa áhrif á starfsáætlanir og verkefnaval starfsmanna til ársins 2030. Stefnan *Í krafti fjölbreytileikans* vísar í fjölbreytilegan mannauð bæjarfélagsins og samanstendur af framtíðarsýn, sex stefnuáherslum og þremur gildum. Heimsmarkmiðin eru síðan tengd hverri stefnuáherslu sem eru; *börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta* (Reykjanesbær, 2020).

Leikgleði með sögum og söng

Samstarfsverkefni Birte Harksen, bókasafns Reykjanesbæjar og allra leikskóla í Reykjanesbæ, *Leikgleði með sögum og söng*, hófst formlega á haustönn 2023. Allt starfsfólk leikskólanna sem tekur þátt í verkefninu fer á námskeið hjá Birte og lærir þar með aðferðir til að vinna með sögum, vísur og söng í gegnum leikræna gleði til að nýta í starfi með öllum börnum.

Flutningur leikskólans Garðasels í nýtt húsnæði

Í september 2023 var tekin ákvörðun í bæjarstjórn Reykjanesbæjar um að færa starfsemi leikskólans Garðasels í nýtt húsnæði í Hlíðarhverfi. Þar er verið að byggja 120 barna leikskóla og mun leikskólaplássur í skólanum því fjölga töluvert í kjölfar breytinganna. Í húsnæði leikskólans Garðasels við Hólmgarð 4 hafa átt sér stað miklar framkvæmdir vegna rakaskemmda og myglu síðustu ár en mælingar á loftgæðum í skólanum hafa leitt í ljós að þær framkvæmdir hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Þess vegna er sú lausn farsælust að færa starfsemina í annað húsnæði og er það á áætlun haustið 2024.

1.4 Gæðamarkmið

Mat á síðasta skólaári fór fram með ýmsum hætti. Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir starfsfólk á vormánuðum 2023. Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á ári og eru hluti af endurmati skólans þar sem farið er yfir Heilsubók barnsins á öllum deildum. Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári. Starfsáætlun þessi er byggð á könnunum, samtölum og árlegu endurmati skólans.

Áætlun innra mats 2023-2024:

Áætlun um innra mat er gert á hverju hausti.
Símat fer fram reglulega á deildarstjórafundum.
Starfsmannasamtöl hefjast í desember 2023 og standa fram í febrúar/mars 2024.
Foreldrakönnun á vormánuðum 2024.
Foreldrasamtöl fara fram tvisvar sinnum á ári á þremur deildum skólans, í afmælimánuði barnsins og sex mánuðum seinna.
Foreldrasamtöl fara fram í nóvember og maí á elstu deild skólans.
Skráningar í Heilsubók barnsins fara fram tvisvar á ári fyrir hvert barn í leikskólanum.
Símat fer fram hjá sérkennslustjóra og kennurum sem sjá um sérkennslu í samvinnu við deildarstjóra.
Efi-2 málproskaskimun fyrir börn á fjórða ári.
Hljóm-2 – Athugun á hljóð og málvitund leikskólabarna í elsta árgangi leikskóla.
Endurmat fer fram á deildarstjóra- og fagfundum auk deildarfunda í lok skólaárs.

1.5 Helstu verkefni á árinu

Samantekt yfir helstu verkefni í Garðaseli, markmið þeirra og hvaða kennarar og teymi hafa yfirumsjón og bera ábyrgð á verkefnunum: (sjá mynd 1).

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Uppeldi, menntun og starfshættir	Gera sjónrænu skipulagi hátt undir höfði í leikskólanum	Sjónrænt skipulag á öllum deildum	Hugmyndafræði TEACH um skipulögð vinnubrögð	Skólaárið	Stjórnendateymi
Leikur og nám - lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Stuðla að þátttöku barna í leikskólastarfinu samkvæmt áherslum nýrrar menntastefnu Reykjanesbæjar	Nemendur hafa áhrif á val á leikefni, stuðlað að jafnrétti. Eldri deildar gera reglur fyrir deildina.	Umræður á deildarstjórafundum og starfsmannafundum	 Haustönn 2023	Deildarstjórar
Námsvið leikskólans	Stuðla að jákvæðum samskiptum meðal leikskólabarna	Jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum	Vettvangsathuganir	Skólaárið	Deildarstjórar
Leikskóli án aðgreiningar	Stuðla að þátttöku allra barna í leikskólastarfinu	Öll börn eiga rétt á að fá kennslu við hæfi	Sjónrænt skipulag fyrir öll börn til að gera umhverfið öruggara og aðgengilegra	Skólaárið	Stjórnendateymi skólans
Mat á námi og velferð barna	Fylgjast skal með námi og velferð barna	Öll börn eiga rétt á kennslu við hæfi og gæta skal að velferð þeirra	Vettvangsathuganir	Skólaárið	Deildarstjórar og skólastjórnendur
Hlutverk leikskólakennara	Hlutverk leikskólakennara í leik barna	Gefa sjálfsprottum leik hátt undir höfði	Umræður á deildarstjórafundum og starfsmannafundum	Skólaárið	Deildarstjórar og skólastjórnendur
Starfsánægja	Auka starfsánægju starfsfólks og auka starfsanda skólans	Aukin starfsánægja starfsfólks og góður starfsandi í skólanum	Auka meðvitund um mikilvægi allra og aukin virkni skemmtanateymis	Skólaárið	Stjórnendateymi skólans og skemmtanateymi
Faglegt samstarf	Stuðla að faglegu samstarfi við aðra leikskóla	Ráðstefna Samtaka heilsuleikskóla maí '24	Unnið í samvinnu með heilsuleikskólum landsins	maí.24	Skólastjórnendur
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Auka ánægju starfsfólks á stjórnun leikskólans	Viðtöl við allt starfsfólk leikskólans	Starfsmannasamtöl - áhersla á virðingu við alla	Desember-febrúar	Stjórnendateymi skólans
Skólanámskrá, starfsáætlun, verlagsreglur	Starfsáætlun endurgerð - Unnið að endurútgáfu skólanámskrár	Endurútgáfa skólanámskrár og starfsáætlunar	Tekið er mið af menntastefnu Reykjanesbæjar	 Skólaárið	Skólastjórnendur
Velferð og líðan barna	Fylgjast skal með velferð barna í leikskólanum	Menntastefna Reykjanesbæjar	Vettvangsathuganir og samtöl við börn	Skólaárið	Starfsfólk leikskólans
Viðmót og menning	Stuðla að jákvæðri menningu skólans	Jákvæð menning skólans gerð sýnilegri	Unnið með leiðarljós skólans	Skólaárið	Skólastjórnendur
Viðhorf foreldra	Fá viðhorf foreldra við skólastarfinu	Funda reglulega með foreldraráði skólans	Umræður á fundum foreldraráðs	Skólaárið	Skólastjórnendur
Skipulag og viðgangsefni	Gera nýtt skipulag varðandi nýja heimasíðu skólans	Ný heimasíða	Endurmat eftir skólaárið	Skólaárið	Skólastjórnendur
Gagnaöflun og vinnubrögð	Áhersla á gagnaöflun við innra mat	Fjölbreytt gagnaöflun við gerð innra mats	Gagnaöflun fjölbreytileg	Skólaárið	Teymi innra mats
Opinber birting og umbætur	Áhersla á opinbera birtingu vegna vegna innra mats	Innra mat sýnilegt í starfsáætlun, skólanámskrá ofl.	Birting niðurstaðna vegna innra mats	Skólaárið	Aðstoðar-leikskólastjóri
Gátlistar Heilsueflandi	Gátlistar teknir fyrir	Alls fimm þættir sem áhersla er lögð á	Gátlisti Heilsueflandi leikskóla	Skólaárið 2023-24	Heilsueflandi teymi Garðasels
Hreyfing	Viðmið fyrir hreyfingu náð	Skráningar í Heilsubók barnsins	"	"	Deildarstjóri í hreyfingu
Mataræði	Viðmið fyrir mataræði náð	Matseðlar Skólamatar	"	"	Skólastjórnendur og matráður
Öryggi	Viðmið fyrir öryggi náð	Suðurnesja - Logi og Glóð	"	"	
Nærsmfélag	Viðmið fyrir nærsmfélagi náð	Heilsu- og forvarnarvika Reykjanesbæjar	"	"	Heilsueflandi teymi Garðasels
Starfsfólk	Viðmið fyrir starfsfólki náð	Jákvæð samskipti meðal alls starfsfólks	"	"	Heilsueflandi teymi Garðasels
Heilsustefna Unnar Stefánsdóttur	Reglubundin athugun á áherslum heilsustefnu Unnar	Starfsfólk fyllir út gátlista á hverri deild fyrir sig	Gátlisti heilsuleikskóla	Haustönn 2023	Skólastjórnendur

Mynd 1

Umsjón og ábyrgð í heilsuleikskólanum Garðaseli

- ❖ Leikskólastjóri: Ingibjörg Guðjónsdóttir
- ❖ Aðstoðarleikskólastjóri: B. Sif Stefánsdóttir
- ❖ Sérkennslustjóri: Aldís Búadóttir

- ❖ Deildarstjóri í hreyfingu: Dawid Jan Laskowski
- ❖ Deildarstjórar: Fjóla Ævarsdóttir, Linda H. Heiðarsdóttir, Rannveig Arnarsdóttir og Una B. Ingimundardóttir.
- ❖ Öryggistrúnaðarmenn: Ingibjörg Guðjónsdóttir og Fjóla Ævarsdóttir.
- ❖ Heilsueflandi teymi: B. Sif Stefánsdóttir, Linda H. Heiðarsdóttir, Birna Ómarsdóttir og Ingibjörg L. Hólmarsdóttir.
- ❖ Stjórnendateymi: Ingibjörg Guðjónsdóttir, B. Sif Stefánsdóttir, Fjóla Ævarsdóttir, Linda H. Heiðarsdóttir, Rannveig Arnarsdóttir, Una B. Ingimundardóttir, Aldís Búadóttir og Dawid Jan Laskowski.
- ❖ Teymi innra mats: Stjórnendateymi skólans.
- ❖ Teymi þróunarverkefnis um vikuáætlanir: Deildarstjórar.
- ❖ Sköpunarteymi: Sylvía D. Pálsdóttir, Kristbjörg G. Ólafsdóttir.
- ❖ Útisvæðisteymi: Rannveig Arnarsdóttir, Fjóla Ævarsdóttir, Birna Ómarsdóttir, Una B. Ingimundardóttir.

1.6 Skipulagsdagar

Fimm skipulagsdagar verða haldnir þetta árið:

Skipulagsdagur mánudagur 23. október 2023
Skipulagsdagur fimmtudagur 30. nóvember 2023
Skipulagsdagur föstudagur 16. febrúar 2024
Skipulagsdagur föstudagur 15. mars 2024 – Ráðstefna samtaka heilsuleikskóla
Skipulagsdagur miðvikudagur 22. maí 2024 – hálfur dagur (hálfur dagur var tekinn í maí 2023 vegna námsferðar starfsfólks)

1.7 Foreldrasamstarf

Eitt meginmarkmið í uppeldisstarfi leikskóla er að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barnanna í samræmi við þarfir þeirra og þroska og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega. Til þess að leikskóli geti unnið að þessu markmiði er nauðsynlegt að hafa náið samstarf við foreldra eða forráðamenn barnanna.

Í aðalnámskrá leikskóla segir:

Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu.

Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn. Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags. Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans. Tíðust samskipti fara fram þegar foreldrar koma með börn sín og sækja þau í leikskólann og mikilvægt er að sá tími sé nýttur til daglegra samskipta sé þess kostur.

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011)

Áhersla er á gott upplýsingaflæði til foreldra og er heimasíða skólans notuð, einnig tölvupóstur, Vala leikskólakerfi, lokaðar Facebooksíður hvers árgangs ásamt upplýsingum á upplýsingatöflu í fataklefum skólans. Horft hefur verið til vilja og þarfa foreldra um aðgengi að upplýsingum um skólastarf og líðan barnsins í leikskólanum.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla sitja þrjú foreldrar í foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldrafélag

Á Garðaseli er starfandi foreldrafélag. Í stjórn eru iðulega um einn til tveir úr hópi foreldra af hverri deild og einn úr hópi kennara Garðasels.

Í foreldrafélagi Garðasels skólaárið 2022-2023 störfuðu alls 10 foreldrar. Aðalfundur félagsins 2023 er á dagskrá í nóvember þar sem kosið verður í nýja stjórn félagsins fyrir skólaárið 2023-24. Tengiliður foreldrafélagsins er aðstoðarleikskólastjóri Garðasels.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl fara fram tvisvar á árinu. Með tilkomu rafrænnar Heilsubókar barnsins, sem er skráningartæki heilsustefnunnar, fara viðtöl fram í afmælistánuði barnanna og hálfu ári seinna. Slíkt fyrirkomulag er á þremur deildum. Á elstu deild skólans fara foreldraviðtöl fram í

nóvember og maí, á þeirri deild er enn skráð í hefðbundna Heilsubók barnsins sem er eign barns og foreldra í lok leikskólagöngunnar.

1.8 Endurmenntun

Á hverju hausti er mótuð símenntunaráætlun þar sem tekið er tillit til óskum frá starfsfólki og þeim námskeiðum og fyrirlestrum sem boðið er upp á hverju sinni. Helstu áherslur á skólaárinu eru:

„Leikgleði með sögum og söng“ – námskeið með Birte Harksen í tengslum við samvinnuverkefni Birte, bókasafnsins og leikskóla Reykjanesbæjar

Nýliðafræðsla fyrir nýtt starfsfólk. Kynning á kennsluefni leikskólans.

Skipulagsdagar: fræðsla skipulögð af stjórnendum skólans.

Trúnaðarmannanámskeið haldin einu sinni á ári fyrir trúnaðarmenn stéttarfélaganna.

Kynning á kennsluefni leikskólans fyrir allt starfsfólk.

Fræðsla um Barnavernd.

Annað

Lokaorð

Í þessari starfsáætlun er farið yfir helstu verkefni heilsuleikskólans Garðasels á skólaárinu 2023-2024. Verkefnin eru mörg og margbreytileg að venju og ber þar helst að nefna fjölmörg verkefni þar sem áhersla verður á að flétta saman markmið og áherslur leikskólans við nýja menntastefnu Reykjanessbæjar.

Stærsta verkefni Garðasels á skólaárinu verður án efa að undirbúa flutning á starfsemi skólans í nýtt húsnæði. Þar bíða fjölbreytt verkefni þar sem allt starfsfólk mun leggja hönd á plóg til að gera flutninginn eins ánægjulegan og færsælan og hægt er. Á meðan beðið er flutnings í nýtt húsnæði verður áfram lögð mikil áhersla á bætt loftgæði í núverandi húsnæði, meðal annars með öflugum loftræstikerfum og lofthreinsitækjum. Velferð barna og starfsfólks er höfð í fyrirrúmi. Tilfinningarnar eru blendnar hjá starfsfólki en allir hlakka jafnframt til að takast á við þessar nýju áskoranir. Skólaárið verður því að vonum annasamt, skemmtilegt og áhugavert fyrir börn og starfsfólk.

Ingibjörg Guðjónsdóttir, leikskólastjóri

B. Sif Stefánsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri



VIRÐING

VIÐ BERUM **VIRÐINGU** HVERT FYRIR ÖÐRU, ERUM UMBURDARLYND GAGNVART ÓLÍKRI MENNINGU OG MISMUNANDI ADSTÆÐUM.



ELDMÓÐUR

VIÐ TÖKUMST Á VIÐ FJÖLBREYTTAR ÁSKORANIR AF ÞRAUTSEIGJU OG **ELDMÓÐI**. SÝNUM FRUMKVÆÐI OG ERUM STOLT AF OKKAR FRAMLAGI



FRAMSÆKNI

VIÐ MÆTUM FRAMTÍÐINI MEÐ ÁRÆÐNI OG ERUM **FRAMSÆKIN** VIÐ ÞRÓUN NÝRRRA LAUSNA.

Samþykki frá foreldraráði

Foreldraráð Garðasels hefur kynnt sér starfsáætlun Garðasels fyrir skólaárið 2023-2024 og samþykkir hana:

Arnar Leifsson Jóhannsson

Lilja G. Magnúsdóttir

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Embætti landlæknis (2021). <http://www.landlaeknir.is/heilsa/oglidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>

Heilsustefnan (e.d.).
<https://heilsustefnan.is/>

Lög um leikskóla (2008). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html>

Reykjanesbær. (2020). Heimsmarkmiðin-stefna Reykjanesbæjar.
<https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/verkefni/stakt-verkefni/?itemid=700a49ec-733d-11ea9458-005056bc530c>


Reykjanesbær. (2021). *Menntastefna Reykjanesbæjar 2021-2030. Með opnum hug og gleði í hjarta*. Reykjanesbær: Reykjanesbær



Skóladagatal

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. Þ	Sumari	1. F. Jósefshátíð	1. S.	1. M.	1. F. Pálsmísa	1. M. Nýkjöldagur	1. F.	1. F. Þingdagaferðir í sal	1. M. Ólafur Pálsson	1. M. Vetrarhlé	1. L.	1. M.
2. M	Sumari	2. L. Jósefshátíð	2. M. Jósefshátíð í Londri	2. F.	2. L.	2. Þ. Skóladagur 8-12	2. F. Dagur stafræðingra	2. L.	2. Þ. Skóladagur einhverfi	2. F.	2. S. Jóhannsdagurinn	2. Þ.
3. F	Sumari	3. S. Jósefshátíð	3. Þ.	3. F.	3. S.	3. M.	3. L.	3. S.	3. M.	3. F.	3. M. Heiðvíkja Garðasali	3. M.
4. M	Sumari	4. M. Jósefshátíð	4. M.	4. L.	4. M.	4. F.	4. S.	4. M.	4. F.	4. L.	4. Þ. Heiðvíkja Garðasali	4. F.
5. L	Sumari	5. Þ.	5. F. Jóhannsdagur kenna	5. S.	5. Þ.	5. F.	5. M.	5. Þ.	5. F. Lúkar dagur v' einhverfi	5. S.	5. M. Heiðvíkja Garðasali	5. F.
6. S	Sumari	6. M.	6. F.	6. M.	6. M.	6. L. Vetrarhlé	6. Þ. Dagur kirkubarna Ólaf-Nes Garðasali	6. M.	6. L.	6. M.	6. F. Heiðvíkja Garðasali	6. L.
7. M	Skóladagur v' einhverfi	7. F.	7. L.	7. Þ.	7. F. Jóhannsdagur Garðasali	7. S.	7. M. Dagur kirkubarna Ólaf-Nes Garðasali	7. F.	7. S.	7. Þ.	7. F. Heiðvíkja Garðasali	7. S.
8. M	Sumari	8. F. Dagur kenna	8. S.	8. M. Vetrarhlé dagur þingmanna	8. F.	8. M. Nýkjöldagurinn	8. F.	8. F. Skóladagur	8. M.	8. M.	8. L.	8. M. Sumari
9. M	Skóladagur 8-12	9. L.	9. M.	9. F.	9. L.	9. Þ.	9. F.	9. L.	9. Þ.	9. F. Jóhannsdagurinn	9. S.	9. Þ. Sumari
10. F	Sumari	10. S.	10. Þ.	10. F. Vetrarhlé	10. S.	10. M.	10. L.	10. S.	10. M.	10. F.	10. M. Ólafur hefur	10. M. Sumari
11. F	Sumari	11. M.	11. M.	11. L.	11. M.	11. F.	11. S. Dagur kirkubarna Ólaf-Nes Garðasali	11. M.	11. F.	11. L.	11. Þ.	11. F. Sumari
12. L	Sumari	12. Þ.	12. F.	12. S.	12. Þ.	12. F. Vetrarhlé dagur	12. M. Bolldagur	12. Þ.	12. F.	12. S.	12. M.	12. F. Sumari
13. S	Sumari	13. M.	13. F. Heiðvíkja Garðasali	13. M.	13. M.	13. L.	13. Þ. Skóladagur	13. M.	13. L.	13. M.	13. F.	13. L.
14. F	Skóladagurinn	14. F.	14. L.	14. Þ.	14. F.	14. S.	14. M. Ólafur dagur	14. F. Dagur stafræðingra	14. S.	14. Þ.	14. F.	14. S.
15. F	Skóladagurinn	15. F.	15. S.	15. M.	15. F.	15. M.	15. F.	15. F. Skóladagurinn 4-5	15. M.	15. M. Vetrarhlé og kvæðingurinn Ólafur	15. L.	15. M. Sumari
16. F	Skóladagurinn	16. L. Dagur kirkubarna Ólaf-Nes	16. M.	16. F. Dagur kirkubarna Ólaf-Nes	16. L.	16. Þ.	16. F. Skóladagurinn 1-5	16. L.	16. Þ.	16. F.	16. S.	16. Þ. Sumari
17. F	Skóladagurinn	17. S.	17. Þ.	17. F.	17. S.	17. M.	17. L.	17. S.	17. M.	17. F.	17. M. Vetrarhlé dagurinn	17. M. Sumari
18. F	Skóladagurinn	18. M.	18. M.	18. L.	18. M.	18. F.	18. S. Kvenndagur - upphaf Ólafs	18. M. Vetrarhlé dagurinn	18. F.	18. Þ.	18. F.	18. F. Sumari
19. L	Sumari	19. Þ.	19. F.	19. S.	19. M.	19. F. Vetrarhlé dagur - upphaf Ólafs	19. M.	19. Þ. Vetrarhlé dagurinn	19. F.	19. S.	19. M.	19. F. Sumari
20. S	Sumari	20. M.	20. F. Vetrarhlé	20. M. Dagur manndæmis kenna	20. Þ.	20. L.	20. Þ.	20. M. Skóladagurinn kenna	20. L.	20. M. Áttundin í Háskólu	20. F.	20. L.
21. M	Nýkjöldagurinn	21. F.	21. L.	21. M.	21. F.	21. S.	21. M.	21. F. Vetrarhlé dagurinn Ólafur	21. S.	21. Þ.	21. F.	21. S.
22. Þ	Nýkjöldagurinn	22. F.	22. S.	22. M.	22. M.	22. M.	22. F.	22. F. Vetrarhlé dagurinn Ólafur	22. M.	22. M. Skóladagurinn 6-12 0-5	22. L.	22. M. Sumari
23. M	Nýkjöldagurinn	23. L.	23. M. Vetrarhlé Skóladagurinn 1-5	23. F.	23. L. Vetrarhlé dagurinn	23. Þ.	23. F.	23. L.	23. Þ. Dagur kirkubarna Ólafur	23. F.	23. M.	23. M. Sumari
24. F	Nýkjöldagurinn	24. S.	24. M.	24. F. Vetrarhlé í þessum	24. S.	24. M.	24. L.	24. S. Vetrarhlé dagurinn	24. M.	24. M. Skóladagurinn Ólafur	24. F.	24. M. Sumari
25. F	Nýkjöldagurinn	25. M.	25. M. Heiðvíkja Garðasali	25. M.	25. L.	25. F.	25. S.	25. M.	25. F. Sumarhlé dagurinn	25. L.	25. Þ.	25. F. Sumari
26. L	Sumari	26. Þ. Heiðvíkja Garðasali	26. F. Heiðvíkja Garðasali	26. S.	26. Þ. Þingdagaferðir í sal	26. F. Þingdagaferðir í sal	26. M.	26. Þ.	26. F.	26. S.	26. M. Heiðvíkja Garðasali	26. F. Sumari
27. S	Sumari	27. M. Heiðvíkja Garðasali	27. F. Heiðvíkja Garðasali	27. M. Heiðvíkja Garðasali	27. L. Vetrarhlé dagurinn	27. M.	27. L.	27. M.	27. L.	27. M.	27. F.	27. L.
28. M	Sumari	28. F. Heiðvíkja Garðasali	28. L. Þingdagaferðir í sal	28. M. Vetrarhlé dagurinn	28. F. Vetrarhlé dagurinn	28. S.	28. M.	28. F. Skóladagurinn	28. S.	28. Þ.	28. F.	28. S.
29. Þ	Sumari	29. F. Heiðvíkja Garðasali	29. M. Vetrarhlé dagurinn	29. M. Vetrarhlé dagurinn	29. L. Vetrarhlé dagurinn	29. M.	29. F. Dagur kirkubarna Ólafur	29. F. Vetrarhlé dagurinn	29. M.	29. M.	29. L.	29. M. Sumari
30. M	Sumari	30. L.	30. M.	30. F. Skóladagurinn 1-5	30. L.	30. Þ.	30. L.	30. L.	30. Þ.	30. F.	30. S.	30. Þ. Sumari
31. F	Skóladagurinn	31. Þ. Vetrarhlé dagurinn	31. M. Vetrarhlé dagurinn	31. S. Vetrarhlé dagurinn	31. M.	31. M.	31. S. Vetrarhlé dagurinn	31. S.	31. F.	31. F.	31. M.	31. M. Sumari


Tölulegar upplýsingar

Fjöldi nemenda Garðasels eftir árgöngum






Tungumál töluð í Garðaseli



- íslenska
- pólska
- ísl+enska
- ísl+pólska+rússn
- gríska
- ísl+filipíska
- arabíska
- ísl+spæ
- spæ
- ísl+enska+holle
- búlgarska
- ísl+enska+tegalog

Tungumál töluð í Garðaseli (fyrir utan íslensku)



- pólska
- ísl+enska
- ísl+pólska+rússn
- gríska
- ísl+filipíska
- arabíska
- spænska
- ísl+spænska
- ísl+enska+holle
- búlgarska
- ísl+enska+tegalog



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

